

Mættir: Kristján Geirsson, Ragnheiður Garðarsdóttir, Magnús Andrésdóttir, Helga Erla Albertsdóttir og Bryndís Jóna Magnúsdóttir aðstoðarskólalastjóri Heiðarskóla.

Fjarverandi: Davíð Heimisson og Arnar Stefánsson

Heiðarskóli 2. október 2017 kl. 19:30. Fundargerð Helga Erla Albertsdóttir

---

**Dagskrá:**

1. Umhverfismál
2. Skólahreysti/sumarhátíði
3. Körfuboltavöllur við Heiðarskóla
4. Bekkjarfulltrúar
5. Styrkir/gjafir til nemenda eða skóla
6. Önnur mál

**1. Umhverfismál**

Rætt um umhverfismál vegna breytinga á rusli nemenda yngri bekkja 1-7 bekkir. Bryndís Jóna sagði frá næstu skrefum í umhverfismálunum. Upphafleg áætlun með breytingu á rusli nemenda var að foreldrar gætu séð hvað börnin væru að borða af nestinu og hvetja fólk til að nota fjölnota umbúðir. Fyrstu grænu skrefin voru tekin fyrir 2 árum og næstu skref eru að flokka rusl í stofum hjá öllum bekkjum. Litlir dallar/ílát yrðu í stofum og umsjónarmenn í bekkjunum myndu sjá um að losa ílátin reglulega. Flokkunin gengur vel.

**2. Skólahreysti / sumarhátíð**

Fyrirkomulag sumarhátíðar rætt en breyting var gerð fyrir 2 árum síðan. Breytt fyrirkomulag hefur gengið mjög vel og eru stjórnendur skólans ánægðir með fyrirkomulagið. Ákveðið að halda áfram með sama fyrirkomulag.

**3. Körfuboltavöllur við Heiðarskóla**

Bryndís Jóna upplýsti að körfuboltavöllurinn yrði vígður 3. október 2017 kl 9:30.

**4. Bekkjarfulltrúar**

Staða mála með bekkjarfulltrúa rætt og ekki eru komnir bekkjarfulltrúar fyrir alla bekki. Það hefur ekki gengið vel að fá foreldra og forráðamenn til að taka að sér þetta hlutverk. Foreldrafélagið mun senda frá sér beiðni til foreldra og forráðamanna um þátttöku sem bekkjarfulltrúar.

**5. Styrkir / gjafir til nemenda eða skóla**

Samþykkt var að styrkja skólann með því að koma að kaupum á fyrirlestrunum Skáld í skólum.

**6. Önnur mál**

**Jólafundur:** Tillögur ræddar um dagsetningu jólafundurs og var ákveðin dagsetningin 30. nóvember 2017. Rætt var um tillögur að nýjunum í jólaföndri í ár.

**Kynning á niðurstöðum Rannsókna og greininga** fyrir foreldrar í 5-7 bekk verður haldin í Akadémíunni 3 október frá kl 17:30-18:30. Rætt var um hvernig kynning á þessari kynningu hafi verið frá stjórnendum skólans og upplýsti Bryndís Jóna að þessi auglýsing um kynninguna hafi verið sett fram á facebook síðu skólans og áætlað að senda til foreldra og forráðamanna nemenda í tölvupósti að morgni 3 október 2017.

*Fundi slitið 20:30*